



## Svar við fyrirspurn

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skipulagsfulltrúi

Efni:

Fyrirspurn fulltrúa Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins um kostnað vegna fyrirhugaðs kynningarfundar á forhönnun rammaskipulagsins á Gufunesi fyrir uppbygginguna á síðari áföngum, sbr. 23. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 22. mars 2023. Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu skipulagsfulltrúa.

*Tilstóð að boðað yrði til formlegs kynningarfundar á forhönnun rammaskipulagsins á Gufunesi fyrir uppbygginguna á síðari áföngum, miðvikudaginn 22. mars, kl. 17, en fundinum var síðar frestað. Óskað er eftir skýringum af hverju fundinum var frestað.*

Svar:

Í febrúar síðastliðinn hafði skrifstofa atvinnuþróunar á vegum borgarstjóra ákveðið að auglýsa eftir áhugasömum um lóðir fyrir skapandi greinar í Gufunesi. Niðurstaða þeirrar auglýsingar barst tæpum tveimur vikum fyrir áætlaðan íbúafund, sem átti að eiga sér stað 22. mars síðastliðinn. Umfang og stærð lóðarumsókna undir rúmlega 15.000 fm hafa mikil áhrif á fyrirhugað rammaskipulag sem þarf að laga það að breyttum forsendum.

Um er að ræða tvær stærri umsóknir, annars vegar stækkun kvikmyndaversins Rvk Stúdíós og True North um tæpa 9000 fm með 4 nýjum verum og þjónustu í kringum þau og hins vegar umsókn Vesturports, um lóð sem tengir saman leikhús, fjölleikahús, líkamsiðkun, auk listamanna- og íbúðabyggð með áætluðu byggingarmagni upp á 6000 fm. Ásamt þessum tveimur umsóknum bærust 9 aðrar smærri umsóknir sem þarf að skoða hverja fyrir sig. Þegar ofangreindar skipulagsforsendur liggja betur fyrir verður haldinn kynningarfundur fyrir hagaðila á svæðinu um verkefnið. Endanlegur kostnaður vegna fundarins mun liggja fyrir að honum loknum. Beðist er velvirðingar á töfum á svari.

Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi